



Akstursíþróttasamband Íslands

Árspaning 19. mars 2022

Tíunda árspaning Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í D fundarsal ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 19. mars 2022 kl. 12:00.

1. Þingsetning

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á árspaning AKÍS.

2. Kosning 3ja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Aðalsteinn Símonarson, Hrefna Björnsdóttir og Sigurjón Andersen skipi kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Baldvin Hansson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins. Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun árspaningsins. Svo var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

4. Ávarp gesta

Þingforseti frestar þessum lið þar til síðar.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Helga Katrín Stefánsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar.

Góðir þingfulltrúar og aðrir gestir

Á starfsárinu 2021 voru skráðir 51 viðburður en það er heldur færri en venja hefur verið undanfarin ár. Það var verið að halda keppnir í akstursíþróttum í Covid annað árið í röð og í fyrra náðist að halda 32 viðburði. Það féllu aðeins niður fimm viðburðir af öllu keppnisdagatalinu þetta árið og ýmsar keppnir voru fluttar á nýjar dagsetningar en voru haldnar. Á árinu voru gefin út 990 keppnisskírteini, þar af fjögur alþjóðleg. Á síðasta

keppnistímabili krýndum við tuttugu og sjö Íslandsmeistara en það er heldur færra enn síðastliðin ár því það náðist oft ekki að fylla flokka til að þeir væru gildir til Íslandsmeistara.

Almennt gekk keppnishaldið velþó í einhverjum tilfellum hafi kannski mátt vera meiri liðleiki í samskiptum sambandsins og þeirra sem starfa við keppnishaldið. Án efa er það á báða bóga. Ástæða er fyrir sambandið að gera enn betur í að leiðbeina keppnishöldurum um regluverk og bestu venjur við keppnishaldið

Á Bíladögum var vígð ný spyrnubraut á Akureyri og gekk það ljómandi vel fyrir sig. Keppnishaldarar voru duglegir að vinna í kringum sóttvarnareglur og sumir lentu í að landinu var nánast skellt í lás og þeim tókst samt að halda sínar keppnir með myndarbrag. Í sumar var farið í vinnu við að hafa virkar dómnefndir á öllum keppnum í Íslandsmeistaramótinu þar sem stjórn AKÍS skipaði formann. Sú vinna gekk ágætlega en þó kom það upp sú staða að keppnishaldarar þurftu að bíða eftir að fá skipaðan formann svo hægt var að opna skráningu á keppni. Stjórn er meðvituð um þá erfiðleika sem gekk að manna þessar stöður og er byrjuð að vinna að því að þetta ferli gangi betur á næsta keppnistímabili.

Einnig voru aðildarfélög að bæta við sig keppnisgreinum sem var gaman að sjá og verður skemmtilegt að sjá þessar nýju brautir á föstu keppnis svæðunum vera almennilega teknar í notkun.

Keppendafjöldinn í keppnisgreinunum hefur verið að aukast. Metfjöldi útgefna keppnisskríteina var í ár. Það sést greinilega á unglingsflokki í rallycross til dæmis, þar sem 20 unglingsmenn á aldrinum 14-17 ára tóku þátt. Aldrei hefur verið meiri þátttaka í þeim flokki. Unglingarnir voru duglegir að prófa aðrar greinar og þau voru einnig að taka þátt í hringakstri og rally sem aðstoðarökumenn. Það má svo sannarlega segja að breytingin á reglugerð 507/2007 sem tók í gildi um sumarið 2020 varðandi aldur barna hafi virkað til að fá enn yngri krakka til að koma að taka þátt í keppni. Keppnisráðin hafa verið að leggja vinnu í að opna á fleiri keppnisgreinar fyrir unglings og það stefnir í að við munum sjá unglings 15 -17 ára vera keppa í flestum keppnisgreinum næsta keppnistímabil.

Einnig var met þátttaka á vígsludegi Spyrnubrautar hjá Bílaklúbb Akureyrar þar sem voru nær 90 keppnistæki voru skráð til leiks. Framtíðin er björt og stefnan er að fá enn meiri fjölgun keppenda í sem flestar keppnisgreinar.

Aðildarfélögin eru með mikið af sjálfboðaliðum sem starfa bæði á viðburðum og keppnum. Án þeirra værum við ekki að halda akstursíþróttir hér á landi. Og þeim vill ég þakka kærlega fyrir alla þá vinnu sem þau hafa unnið fyrir íslenskar akstursíþróttir. Þann 20. nóvember var

haldin alþjóðlegi sjálfboðaliðadagur FIA. FIA sendir til allra sérsambanda tölvupóst um beðnir um tilnefningar til verðlauna um sjálfboðaliða ársins. Á fundi stjórnar þann 5. október var tekin ákvörðun um að tilnefna Lindu Dögg Jóhannsdóttur og Ara Halldór Hjaltason til þessa verðlauna sjálfboðaliða ársins hjá FIA fyrir það ómetanlega starf sem þau hafa unnið í sumar. Á sjálfan sjálfboðaliðadaginn var tilkynnt að Linda Dögg Jóhannsdóttir hafi hlotið viðurkenninguna FIA Best Track Marshall við óskum henni innilega til hamingju með þá viðurkenningu.

Í Janúar 2021 var gerður þriggja ára samningur við Braga Þórðarson. Um að safna og skrá heimildir um úrslit keppna frá upphafi til ársins 2012 í öllum keppnisgreinum sem hafa verið keppt í á Íslandi. Þessu verður komið fyrir á aðgengilegan mára í tölvugrunni. Þar sem verður að finna ítarleg úrslit allra keppna. Einnig verðar rafræn grunngögn um úrslitin úr blaðgreinum.

Haldin voru ýmis námskeið á vormánuðum. Öryggisráð hélt tvö námskeið fyrir öryggisfulltrúa þar sem var farið yfir helstu öryggismál í akstursípróttum. Þeir sem störfuðu á viðburðum sumarsins höfðu verið búnir að sitja þetta námskeið. Einnig var hópur manna sem hefur setið dómnefndar námskeið hjá FIA fenginn til að halda dómnefndar- og keppnistjórarnámkeið þar sem mikill þátttaka var. Það er alveg ljóst að Ísland á fullt af flottu og efnilegu fólki sem er að vinna þessa flottu vinnu.

Í sumar var það áberandi að aðildarfélögin væru að vinna saman, bæði á keppnum og undirbúning á ýmsum viðburðum. Það er alltaf gaman að sjá þegar vel gengur og það svo sannarlega sýndi sig í sumar að keppninar voru haldnar af miklum metnaði.

Farið var í þá vinnu að gefa út rafræn skírteini fyrir stjórn, öll ráð AKÍS sem veita heimild að mæta á akstursípróttaviðburði. Við munum halda áfram þeirri vinnu og í ár mun bætast við rafræn skírteini fyrir ljósmyndara sem sækja um myndatöku leyfi til AKÍS.

Í ár hefur verið mikill umræða um kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs hefur það markmið að auka öryggi í íþróttá- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna. Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum þeim til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs. Við hvetjum aðildarfélög til að vera vakandi yfir þessum málum og leita strax til fagaðila ef mál koma upp.

Stjórn tók á fundi sínum þann 18. maí ákvörðun um að fá lögfræðing til þess að hjálpa sambandinu við að koma tryggingum í akstursípróttum í betra horf. Það hefur komið í ljós að lagabreytingar þarf til þess að hægt sé að tryggja ökutæki með öruggari hætti en verið hefur að AKÍS geti séð um tryggingamálin ef vilji stæði til þess innan sambandsins. Það er stefnan þegar keppendur eru að skrá sig í keppni þá eru þeir einnig að kaupa tryggingu á keppnistækin sín. Þessi vinna er í gangi og vonast var til að koma þessu fyrir þingið nú á vormánuðum en það var ekki svo, við höldum áfram að vinna í þessu þangað til að þetta er komið í gegn.

Samskipti við opinberar stofnanir hafa gengið erfiðlega, formaður hefur verið að vinna í að fá betri verklagsreglur Ríkislögreglustjóra þar sem reglugerð 507/2007 stangast á reglur 668/2020 þar segir Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal ákveðinn í reglum viðkomandi ípróttasamband. Unnið er í að fá skýrari heimild fyrir lágmarksaldri barna.

Það voru breytingar í starfsmannamálum á skrifstofunni á síðasta ári. Þrándur starfi sínu sem framkvæmdastjóri AKÍS eftir 9 ára starf lausu í febrúar á síðasta ári. Farið var í ráðningarferli að nýjum framkvæmdastjóra og í maí var ráðinn nýr framkvæmdastjóri hann Arnar Már. Arnar starfaði hjá sambandinu fram í september lok þegar sem stjórn ákvað að segja honum upp. Eins og staðan er í dag þá er formaður staðgengill framkvæmdastjóra þangað til að niðurstaða er komin hvort eigi að fara í nýtt ráðningarferli eða sameina stöðu formanns og framkvæmdarstjóra.

Stjórn hefur fundað 24 sinnum frá ársþing ásamt setið ýmsa vinnufundi. Samvinna stjórnar hefur verið með ágætum og góð mæting stjórnarmanna er á alla fundi. Þar hefur ýmislegt verið rætt meðal annar hvernig er hægt að bæta ímynd sambandsins, farið yfir reglur og reglugerðir, tryggingamál, og margt fleira. Alla þessa fundi er hægt að sjá á fundargerðum sem eru inni á heimasíðu AKÍS.

Við erum með sex keppnisráð starfandi þetta keppnistímabil og þau hafa verið misvirk. Ég vill endilega benda ykkur á að ef þið hafið einhverja hugmyndir eða spurningar um keppnisgreinar eða reglur endilega sendið á þau. Þau eru til að aðstoða ykkur keppnishaldarana. Einnig eru aðilar úr keppnisráðum í erlendum nefndum. Það eru aðallega NEZ nefndir en ýmsar upplýsingar koma frá þeim nefndum - meðal annars varðandi keppnir, reglur ofl. Ég veit að sumar NEZ nefndirnar hafa verið óvirkar en það er verið að skipa í nýjar nefndir þannig það fer vonandi að komast aftur í gang.

Miklar breytingar hafa verið hjá Alþjóðaakstursíþróttasambandinu. Í Desember voru kosningar um nýjan forseta og sá sem hlaut kjörið var Mohammed Ben Sulayem. Með því kjöri fylgja miklar breytingar, og þær eiga eftir að koma betur í ljós hverjar þær verða fyrir okkur.

Ég vil að lokum þakka öllum aðildarfélögum, keppendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og öllum ráðum og nefndum sem starfa innan AKÍS innilega fyrir allt það starf sem þið hafið unnið í þágu íslenskt mótorsports. Án ykkar væri lítið um akstursíþróttir á Íslandi.

6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Í fjarveru Árna Gunnlaugssonar gjaldkera kynnti Helga Katrín Stefánsdóttir formaður reikninga sambandsins fyrir rekstrarárið 2021.

7. Álit kjörbréfanefndar

Aðalsteinn Símonarson formaður kjörbréfanefndar staðfesti að tíu aðildarfélög eiga rétt á fulltrúa á þinginu samtals 25 atkvæði. Alls voru 21 atkvæði væru gild á þinginu. Sjá viðauka 2 fyrir nánari upplýsingar um kjörbréf.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

- a. Fyrirspurn kom varðandi hvernig lottó greiðslur eru reiknaðar til sambandsins. Þingforseti svaraði þeirri fyrirspurn og ákveðið var að senda til aðildarfélaga upplýsingar um lottótækjur ÍSÍ.
- b. Fyrirspurn kom vegna styrkja til aðildarfélaga hvers vegna lítið er um styrki til aðildarfélaga. Talað var um að styrkir eru að dreifast illa á allar keppnisgreinar og AKÍS mætti passa betur uppá þau mál.
- c. Ábending kom varðandi hvort að AKÍS gæti lagt meiri lið við aðildarfélögin. Létta undir aðildarfélögum varðandi starfsmenn svo sem dómara og eftirlitsmenn. Formaður sagði frá að stefnan er að auka námskeiðahald og hvetur alla að sitja þau námskeið. Einnig að AKÍS mun skipa formann dómnefndar á allar keppnir í Íslandsmeistaramótinu í sumar.

9. Samþykkt reikninga

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Baldvin Hansson varaformaður og þingritari ber fram fjárhagsáætlun næsta árs í fjarveru gjaldkera.

Lottó gekk vel á síðasta ári og því bærust auka greiðslur undir lok árs.

Stjórn lagði til að hækka starfshlutfall úr 37% yfir í 100%. Lagt var til að fresta samþykktunar á fjárhagsáætlun fram að umræðu á starfi framkvæmdastjóra.

11.Ávarp gesta

Fundarstjóri tekur til máls og flytur kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir gott samstarf. Eins og oft áður er mikið af stórum verkefnum á dagskrá hjá ÍSÍ. Enn vegna heimsfaraldurs var erfitt fyrir íþróttir að halda sínu striki. Fella þurfti niður mikið af keppnum í ýmsum greinum.

12. Afreksstefna AKÍS 2020-2025

Formaður kynnir það sem unnið hefur verið að í tengslum við afreksstefnuna á liðnu ári. Það hafa farið fram tvö landsliðsverkefni bæði í Hermiakstri. Einnig er stefnt á að taka þátt í FIA Motorsport Games í Frakklandi í lok október. Gefin voru út fjögur alþjóðleg keppnisskírteini þar sem íslenskir keppendur hafa verið að fara út að keppa. Þegar afreksstefnan er skoðuð þá er margt sem þarf að endurskoða, unnið verður í að stofna afreksnefnd til að fara yfir afreksstefnuna og byrja að vinna að fyrstu skrefum stefnunar.

Lagabreytingar

Hafsteinn Pálsson fór yfir lagabreytingartillögur sem komu frá stjórn AKÍS í röð eftir greina númerum laganna.

Breytingar ræddar og afgreiddar á eftirfarandi greinum laga AKÍS:

- 8. gr borin upp og samþykkt samhljóða
- 10. gr breyting á skýrslum ráða og nefnda, samþykkt samhljóða
- 10. gr töl 3 borin upp og samþykkt á móti 1
- 11. gr breyting á texta samhliða uppfærðum íþróttalögum.
- 12. gr borin upp og samþykkt samhljóð

Breytt lög samþykkt samhljóða og fara nú til ÍSÍ framkvæmdastjórnar til samþykktar og taka svo gildi.

13. Innsend mál

14. Til upplýsinga

Lagt fram:

- Reglugerð um regluráð AKÍS
- Reglugerð um keppnishald AKÍS

15. Lagt fram til umræðu:

Baldvin varaformaður lagði tillögu stjórnar um að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra úr 37% yfir í 100% stöðu. Einnig að fara úr verktakalaunum yfir í almennt launastarf.

Farið var yfir lista af þeim verkefnum sem hafa fallið á hendur framkvæmdastjóra og það er augljóst að hækka þarf starfshlutfall til þess að geta byggt upp enn betra og sterkara sérsamband.

16. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlunin borin upp til samþykktar. Áætlun samþykkt á móti þrem atkvæðum.

17. Kosningar

11.1 Formaður

Aðeins hafði borist framboð frá Helgu Katríni Stefánsdóttur til formanns, þannig að hún var sjálfkjörin og var það staðfest með lófataki.

17.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára

Í stjórn sitja í eitt ár í viðbót eru þau Baldvin Hansson, Hanna Rún Ragnarsdóttir og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Kjörin til næstu tveggja ára voru þau Halldór Jóhannsson, Aðalsteinn Símonarson, Halldór V Hauksson.

17.3 Kosning þriggja manna í varastjórn

Kjörnir til eins árs voru fyrsti varamaður Jóhann Egilsson, annar varamaður Sigurjón Andersen, þriðji varamaður Sigfús B Sverrisson

19. Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Ingimundur Helgason og Gunnar Bragason voru kjörnir skoðunarmenn með lófataki.

20. Kosning áfrýjunardómstóll AKÍS

Kosning um áfrýjunardómstóll AKÍS var á síðasta ári og er í gildi til 2023.

21. Kosning fulltrúa ÍSÍ þing

Næsta íþróttþing ÍSÍ er á næsta ári og ekkert er þörf á kosningu þetta ár.

22. Önnur mál

Lögð fram ályktun frá Gunnlaugi Jónassyni.

Ályktun ársþings Akstursíþróttasambands Íslands á ársþingi sambandsins 2022

Ársþing Akstursíþróttasambands Íslands 2022 skorar á alla veghaldara landsins að bregðast umsvifalaust við því ófremdarástandi sem skapast hefur vegna skemmda á vegakerfinu í vetur. Ástandið hefur sjaldan verið jafn slæmt og nú. Mikið hættuástand ríkir sem bregðast þarf við strax.

Þessi ályktun var samþykkt.

Brautarúttektir

Þingfulltrúi benti á brautarúttekt og hvatti stjórn AKÍS að fá aðila sem eru með keppnisgreinar þekkingu til að taka út keppnissvæði. Formaður ræddi við þingfulltrúa að þetta sé mál sem er inná borði stjórnar og stefnt er að fá þetta í lag.

Öryggisráð

Formaður öryggisráðs fór yfir þau helstu verkefni sem öryggisráð hefur verið að vinna með. Einnig var bent á dræma mætingu hjá öryggisráði. Ný skipan í öryggisráð verður gerð fljótlega eftir ársþing formaður hvetur þingfulltrúa að láta öryggisráð vita af einstaklingum sem hafa áhuga á að koma inn í ráðið.

Skoðun á keppnistækjum

Ábending kom um að athugasemdir eru ekki að fylgja keppnistækjum á milli keppna og keppnishaldara. Formaður tók til máls og sagði frá að það er til kerfi sem þetta er í boði. Stefnt verður á að halda kynningu fyrir keppnishaldara til að nýta þennan möguleika og auka þekkingu keppenda og starfsmanna.

Viðurkenning

Formaður veitir viðurkenningu til Lindu Dögg Jóhannsdóttur frá FIA. Hún var valin á sjálfboðaliðadegi FIA þann 20 nóvember sem FIA Best Track Marshall. Við óskum Lindu innilega til hamingju með þessa viðurkenningu.

23. Þingslit

Þingforseti slítur þingi kl 15:25.

Viðauki 1 Kjörbréf

| | 2021 | |
|------------------------------------|---------------|---------------|
| | Skírtein i | Fulltrúa r |
| Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar | 401 | 4 |
| Akstursípróttafélag Suðurnesja | 83 | 3 |
| Akstursípróttafélagið START | 8 | 1 |
| Akstursípróttanefnd Heklu | 31 | 2 |
| Bifreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur | 71 | 3 |
| Bílaklúbbur Akureyrar | 141 | 4 |
| Bílaklúbbur Hafnarfjarðar | 6 | 1 |
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 0 | 0 |
| Kvartmíluklúbburinn | 195 | 4 |
| Stimpill Akstursípróttafélag | 3 | 1 |

| | | |
|--------------------------|------------|-----------|
| Torfærklúbbur Suðurlands | 49 | 2 |
| Erlendir keppendur | 2 | |
| Annað | | |
| | 990 | 25 |

Viðauki 2

| | | |
|------------------------------|--------------|------------------|
| Baldvin Hansson | AKÍS | |
| Helga Katrín Stefánsdóttir | AKÍS | |
| | | |
| Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir | AKÍS / Start | (Kjörbréf Start) |
| | | |
| Baldur Haraldsson | AÍFS | (Kjörbréf AÍFS) |
| Sigurður Arnar Pálsson | AÍFS | (Kjörbréf AÍFS) |
| Garðar Gunnarsson | AÍFS | (Kjörbréf AÍFS) |
| | | |
| Hanna Rún Ragnarsdóttir | AKÍS / BÍKR | (Kjörbréf BÍKR) |
| Aðalsteinn Símonarson | AKÍS / BÍKR | (Kjörbréf BÍKR) |
| Kolbrún Vignisdóttir | BÍKR | (Kjörbréf BÍKR) |
| | | |
| Sigurjón Andersen | KK | (Kjörbréf KK) |
| Baldur Gíslason | KK | (Kjörbréf KK) |
| Gunnlaugur Jónasson | KK | (Kjörbréf KK) |
| Sveinn Logi Guðmannsson | KK | (Kjörbréf KK) |
| | | |
| Linda Dögg Jóhannsdóttir | AÍH | (Kjörbréf AÍH) |
| Ari Hjaltason | AÍH | (Kjörbréf AÍH) |
| Atli Jóhann Einarsson | AÍH | (Kjörbréf AÍH) |
| Valdimar Jón Sveinsson | AÍH | (Kjörbréf AÍH) |
| | | |
| Sigurður Ingi Sigurðsson | HEKLA | (Kjörbréf Hekla) |
| Páll Jónsson | HEKLA | (Kjörbréf Hekla) |
| Sigfús Þór Sigurðsson | TKS | (Kjörbréf TKS) |
| | | |
| Hrefna Björnsdóttir | BA | (Kjörbréf BA) |

| | | |
|------------------|-----------|---------------|
| Þorvaldur Yngvi | BA | (Kjörbréf BA) |
| Halldór Hauksson | AKÍS / BA | (Kjörbréf BA) |

Viðauki 3